



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 07.07. 2022
Málsnr. 2107002/PBG/JKÁ

Efni: Nýjar rannsóknarborholur í Bláfjöllum

Vísað er til eftirfarandi bókunar 541. fundar stjórnar SSH 5. júlí sl.:

Nýjar rannsóknarborholur í Bláfjöllum - 2107002

Málið var tekið fyrir á 540. fundi stjórnar SSH hinn 5. júlí sl. en afgreiðslu þess frestað. Fyrirliggjandi eru minnisblað SSH f.h. Samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu vegna ofangreinds og minnisblað Mannvits dags. 9. júní 2022 til kynningar á þessu máli ásamt frekari bakgrunnsgögnum. Stefnt er að því að hefja útboð í júlí, með fyrirvara um að leyfi verði veitt frá Umhverfisstofnun

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að hafið verði útboð vegna borunar nýrra rannsóknarborhola í Bláfjöllum, að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Framangreint verði sent sveitarfélögunum og fjármálastjórum þeirra til kynningar.

Þá er vísað til minnisblaðs SSH f.h. Samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu dags. júní 2022 en þar kemur m.a. fram að SSH hafi fengið verkfræðistofuna Mannvit til að vinna nýtt kostnaðarmat vegna verkefnisins, áður en útboð hefst, sem sýnir aukinn kostnað vegna ófriðar í Evrópu og verðhækkana á aðföngum. Kostnaðaraukningin nemur 4,6% frá upphaflegu kostnaðarmati sem sveitarfélögin samþykktu 2019 og 13% hækkun miðað við kostnaðarmat sem var unnið 2021 og var sent sveitarfélögunum sem hluti af fjárhagsáætlanagerð fyrir árið 2022. Nánar er gerð grein fyrir kostnaðarmati í áðurnefndu minnisblaði.

Stefnt er að því að útboð hefjist í júlí mánuði 2022. Skipting á viðbótarkostnaði skv. nýju kostnaðarmati myndi verða eftirfarandi m.v. kostnað sem var áætlaður við fjárhagsáætlunargerð 2022:

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	%	Viðbótarkostnaður
Reykjavík (Veitur)	135,699	56.4%	11,614,379
Kópavogsbær	39,010	16.2%	3,338,838
Seltjarnarneskaupstaður	4,721	2.0%	404,067
Garðabær	18,452	7.7%	1,579,293
Hafnarfjarðarkaupstaður	29,754	12.4%	2,546,623
Mosfellsbær	13,025	5.4%	1,114,800
Samtals	240,661	100%	20,598,000



Meðfylgjandi er minnisblað SSH og nýtt kostnaðarmat Mannvits og eru þau send sveitarfélögum og fjármálastjórum til kynningar.

Sé frekari kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis sendar á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

Minnisblað SSH f.h. Samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu dags. 28. júní 2022
Uppfært kostnaðarmat Mannvits dags. 9. júní 2022.